


**Laxá í Leirársveit 2006.
Þróun í seiðabúskap og laxveiði.**

Sigurður Már Einarsson

Hvanneyri Janúar 2007 VMST/07002

Skýrsla unnin fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Efnisyfirlit

	<u>Bls.</u>
Ágrip	3
Inngangur	3
Framkvæmd	3
Fiskteljari í Eyrarfossi	3
Seiðabúskapur	4
Stangaveiðin	4
Seiðasleppingar	4
Niðurstöður	5
Teljari í Eyrarfossi	5
Veiðihlutfall laxa ofan við Eyrarfoss	5
Laxveiðin 2006	5
Seiðabúskapur	6
Umræður	6
Þakkarorð	7
Heimildir	7
Töflur	9
Myndir	13

Ágrip

Árlegar rannsóknir hafa verið gerðar á stofnum laxfiska í Laxá í Leirársveit frá árinu 1993. Tilgangur rannsókna er að vakta breytingar á seiðabúskap með tilliti til tegundaútbreiðslu, seiðamagns og vaxtar seiða, auk þess sem fylgst er með fiskigöngum og veiði og hlutfalli veiðinýtingar m.a. með talningum á fiskigengd í fiskveginum við Eyrarfoss. Árið 2006 reyndist slakt veiðisumar. Laxveiðin var 34% undir langtíma meðalveiði árinna. Laxagöngur upp á efra svæði árinna voru einnig slakar. Alls gengu 740 laxar um teljarann og veiddust rúmlega 20% göngunnar. Veiðihlutfall er fremur lágt á efra svæði Laxár þar sem mikið af laxi gengur inn í vötnin í Svínadal þar sem lax gefur síður færi á sér til veiða. Laxaseiði er ríkjandi tegund á seiðastigi, en urriði er einnig algengur. Seiðamagn lax og urriða var nálægt meðaltali tímabilsins 1993 til 2006.

Lykilorð: Lax, urriði, veiðihlutfall, seiðabúskapur, fiskirækt

Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá rannsóknum á fiskistofnum Laxár í Leirársveit, sem fram fóru sumarið 2006. Sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar árlega frá og með árinu 1993 (Sigurður Már Einarsson 1994, 1995, 1996, 1997, 1998a, 1999, Sigurður Már Einarsson o.fl 2001, 2005 og 2006) og eru rannsóknirnar unnar að tilhlutan Veiðifélags Laxár í Leirársveit. Tilgangur rannsókna er einkum sá að fylgjast með seiðabúskap hvað varðar útbreiðslu tegunda, seiðamagns, vaxtar seiða og árgangastyrkleika. Þá er fylgst með laxagöngunni, laxveiðinni og veiðihlutfalli laxa í stangveiði en slíkt er unnt með talningum laxfiska í fiskveginum við Eyrarfoss. Áður hafa búsvæði árinna verið metin, bæði í straumvatni (Sigurður Már Einarsson 1998b) og stöðuvötnum (Sigurður Már Einarsson 1998c).

Framkvæmd

Fiskteljari í Eyrarfossi

Vaka fiskteljari var starfræktur í fiskveginum við Eyrarfoss í Laxá frá 13. júní til 30 september. Laxastiginn var lokaður er teljarinn var settur niður og því ekki um að

ræða neinar göngur fyrir þann tíma. Fiskteljarinn skráir göngutíma einstakra fiska sem ganga um teljarann og stærð þeirra út frá hæð þeirra. Sterk tengsl eru á milli hæðar fiska og lengdar þeirra og var stuðullinn 6,0 sem er hæðar/lengdarstuðull notaður til að umreikna lengd fiska út frá teljaragögnum. Sami stuðull hefur verið notaður undanfarin ár (Ingi Rúnar Jónsson 2003a og 2003b, Sigurður Már Einarsson o.fl. 2005 og 2006). Lax nýtir fiskveginn mest, en einnig verður vatt við silung aðallega urriða. Lítil umferð er á urriða er um fiskveginn og því er skörun á milli tegunda tiltölulega lítil. Við úrvinnslu var miðað við að fiskur innan við 48 cm væri silungur, smálax (1 ár í sjó) væri frá 48 til 73 cm og stórlax (2 ár í sjó) væri stærri en 73 cm. . Rekstur fiskteljarans gekk vel og engar bilanir komu fram sumarið 2006.

Seiðabúskapur

Athuganir á seiðabúskap fóru fram 28. september 2006, en árlega eru veiddar 9 stöðvar á vatnasvæðinu (1. mynd). Ein veiðiumferð var farin um hverja stöð. Allur afli var greindur til tegunda, seiði lengdarmæld frá snoppu að sporðsýlingu ($\pm 0,1$ cm) og hluti seiðanna þyngdarmældur. Tekin voru sýni af kvörnum og hreistri af nokkrum seiðum til aldursákvarðana. Við útreikning á seiðapöttleika var reiknuð seiðavísitala (fjöldi seiða í einni umferð á 100 m²) en þessari aðferð er yfirleitt beitt við sambærilegar rannsóknir hérlandis (Friðþjófur Árnason o.fl. 2005). Meðallengdir, meðalþyngdir og Fultons holdastuðull (Bagenal og Tesch 1978) voru reiknaðar eftir aldurshópum.

Stangaveiðin

Stangaveiðin var skráð í veiðibækur þar sem veiðistaður, lengd (cm), þyngd (kg), kyn, veiðidagur og gerð agns er skráð fyrir einstaka fiska. Laxveiðinni var skipt í eins árs lax úr sjó (smálax) og tveggja ára lax úr sjó (stórlax). Miðað var við að skipting milli smálaxa og stórlaxa væri 3,5 kg hjá hrygnum og 4,0 kg hjá hængum. Tíðni laxa sem veiðimenn slepptu lifandi var einnig skoðuð.

Seiðasleppingar

Sjógönguseiðum af stofni Laxár var sleppt í Laxá eins og undanfarin ár. Seiðunum var dreift í tvær sleppitjarnir, annars vegar neðan við Eyrarfoss og hins vegar í nýja

tjörn skammt neðan við Laxahólma. Alls var 15.000 seiðum sleppt og fóru 7.500 seiði í hvora tjörn.

Niðurstöður

Teljari í Eyrarfossi

Alls gengu 740 laxar um teljarann í Eyrarfossi sumarið 2006. Af þessum fjölda voru 719 (97,2%) eins árs laxar og 21 (2,8%) tveggja ára laxar (tafla 1, 2. og 3. mynd). Auk þess höfðu 67 silungar gengið um teljarann (tafla 1).

Göngumynstur laxins var nokkuð sérstakt sumarið 2006 og komu fram þrír göngutoppar (2. og 3. mynd). Toppur var í göngunni um 20 júlí, annar toppur um 13. ágúst og um miðjan september gekk einnig töluvert af laxi.

Flestir laxar gengu síðari hluta sólarhringsins, frá 12 á hádegi til miðnættis, en mjög lítil umferð var af fiski fyrri hluta sólarhringsins (4. mynd).

Veiðihlutfall laxa ofan við Eyrarfoss

Alls veiddist 151 lax á stöng ofan við Eyrarfoss. Veiðin skiptist þannig að 78 laxar veiddust í Laxá, 74 í Selós og Þverá og 22 í Þórisstaðavatni. Nokkrir laxar veiðast einnig í Eyrarvatni, Geitabergsvatni sem og í Draghálsá, en skýrslur hafa ekki borist um þær veiðar. Alls gengu 740 laxar um teljarann og hlutfall veiddra laxa af göngunni því 23,4% (tafla 2). Hlutfall veiddra laxa af göngunni er mjög svipað og undanfarin ár, en árin 2000 til 2006 hefur veiðst að meðaltali 23,1% af löxum sem ganga upp fyrir Eyrarfoss.

Seiðabúskapur

Í rafveiðum reyndust laxaseiði ríkjandi, en einnig veiddust töluvert af urriðaseiðum. Engin bleikja fannst í athugininni (tafla 4). Laxaseiði voru af fjórum árgöngum frá 0+ til 3+ og var holdastuðull einstakra aldurshópa á bilinu 1,08 til 1,09 sem lýsir seiðum í góðum holdum. Seiðavístala laxaseiða var lítillega yfir langtíma meðaltali árinna (tafla 5). Vísitala 0+ og 1+ seiða var yfir langtímameðaltali, en 2+ og 3+ aldurshóparnir reyndust aðeins undir langtíma meðaltali (tafla 5).

Ætíð hefur mjög lítið af bleikju komið fram í seiðaathuginum, en að þessu sinni fannst engin bleikja (tafla 6) á veiðistöðum.

Vísitala urriða reyndist lítillega yfir langtíma meðaltali, en frá árinu 2003 hefur vísitala urriðana aukist nokkuð (tafla 7). Urriðin var vel haldinn, holdastuðull á bilinu 1,09 til 1,21 (tafla 4).

Lengdardreifing laxaseiða á veiðistöðum var á bilinu 3 – 13 cm (9. mynd). Meðallengd 0+ laxaseiða var 3,99 cm, 1+ seiða 6,76 cm, 2+ seiða 8,99 cm og 3+ seiða 10,25 cm. Meðallengd seiða var mjög nálægt meðaltali fyrir ána (tafla 8). Bleikjuseiði voru ekki til staðar, en meðallengd urriða var einnig nálægt meðaltali fyrir ána (tafla 8).

Laxveiðin 2006

Í Laxá veiddust 675 laxar (tafla 3) árið 2006 og 96 laxar í Þverá og Selós og vötnunum. Heildarveiði á stöng á vatnasvæðinu varð því 771 laxar. Sleppingar á laxi tíðkast nokkuð á aðalsvæði Laxár. Alls var 97 löxum sleppt eða 14% laxveiðinnar. Í Laxá veiddust einnig 104 urriðar og 7 bleikjur.

Laxveiðin var fremur dræm sumarið 2006 í Laxá, sem var í samræmi við laxgengd í ána. Veiðin var fremur jöfn allt sumarið og aldrei komu verulegir toppar fram í veiðinni. Í júlí og ágúst var vikuveiðin á bilinu 50 – 80 laxar. Mesta vikuveiðin átti sér stað um miðjan september (5. mynd).

Lax veiddist á 32 veiðistöðum sumarið 2006 (6. mynd). Flestir laxanna veiddust í Miðfellsfljóti eða 140, en Laxfoss var einnig gjöfull með 123 skráða laxa.

Sumarið 2006 telst til slakra veiðiára. Meðalveiði í Laxá árin 1974 til 2006 er 1014 laxar og varð veiðin því aðeins um 66% af meðalveiði tímabilsins og reyndist veiðiárið það fjórða lakasta á tímabilinu (7. mynd). Veiðin í Laxá var 34% undir meðalveiði tímabilsins 1974 til 2006 (8. mynd) en almennt voru laxastofnar á svæðinu frá Reykjanesi að Borgarfirði töluvert undir meðalveiði árið 2006.

Umræður

Laxveiði í íslenskum vatnsföllum sumarið varð allgóð um 41.000 laxar, sem er um 15% yfir meðalveiði áranna 1974 til 2006 (Guðni Guðbergsson, munnlegar upplýsingar). Veiðitölurnar eru þó mun lægri en árið 2005, en þá varð metlaxveiðiár á Íslandi (Guðni Guðbergsson 2006). Veiði í Laxá sumarið 2006 var hins vegar slök og árið í hópi slökustu veiðiára í ánni. Laxveiðin hverju sinni er háð seiðaframleiðslunni sem birtist í fjölda sjógönguseiða sem ganga til sjávar einu og tveimur árum fyrr og afföllum laxa meðan á sjávardvölinni stendur. Litlar sveiflur

hafa verið í stærð seiðaárganga undanfarin ár, enda hrygning verið mjög stöðug undanfarin ár (Sigurður Már Einarsson og fl. 2006). Skýringa á minnkandi laxgengd sumarið 2006 virðist því fremur að leita til aukinna affalla í sjávardvöl laxins. Meðalþyngd laxa í Laxá sumarið 2006 var nokkuð lægri en árið 2005, sem er mælikvarði á að skilyrði hafi verið lakari í hafinu en árinu áður. Í mörgum ám var þannig töluvert um að mjög smáir laxar veiddust. Einnig reyndust laxastofnar í nágrenni Laxár almennt í lægð sem styður það að skýringa sé einkum leita til aukinna affalla í sjávardvöl laxins.

Í Laxá hefur verið stundað öflug fiskirækt með sleppingum 15.000 sjógönguseiða árlega sem án efa getur haft veruleg áhrif á veiðitölur hverju sinni. Undanfarin ár hefur hins vegar ekkert mat verið lagt á árangur sleppinganna, en slíkt er unnt með greiningu hreistursýna eða merkingum seiða. Áriðandi er að taka upp á ný lágmarksvöktun á árangri sleppinga, þannig að ljóst sé hverju þær eru að skila inn í veiðina. Árið 2006 var nýr sleppistaður virkjaður til seiðasleppinga og áriðandi að kanna hvort einhverjar breytingar eigi sér stað á endurheimtum og dreifingu laxa sem skila sér úr sleppingunum.

Talningar á laxi um fiskveginn við Eyrarfoss sýna að lágt hlutfall laxa veiðist ofan við fossinn eða einungis 23% að meðaltali. Skýringin felst í því að lax gengur inn í vötnin og gefur þar lítil færi á sér til veiða. Æskilegt er að reyna að endurbæta og fjölga veiðistöðum á því svæði til að hækka nýtingarhlutfallið.

Þakkarorð

Ingi Rúnar Jónsson annaðist uppsetningu fiskteljara við Eyrarfoss og las yfir handrit að skýrslunni og færði margt til betri vegar. Björn Theódórsson aðstoðaði við rafveiðar. Eru þessum aðilum færðar bestu þakkir.

Heimildaskrá

Bagenal T and Tesch F.W. 1978. Age and Growth bls 101-136. Í: IBP Handbook No 3. Methods for Assesment of Fish Production in Fresh Waters, T. Bagenal (ritstj.) Blackwell Scinetific Puplication Oxford. Þriðja útgáfa.

Friðþjófur Árnason Þórólfur Antonsson og Sigurður Már Einarsson 2005. Evaluation of single-pass electric fishing to detect changes in population size of Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) juveniles. ICEL.AGRIC.SCI.18, 76-73.

Guðni Guðbergsson 2006 Lax – og silungsveiðin 2005. Veiðimálastofnun Reykjavík Skýrsla. VMST-R/0606 26 bls.

Ingi Rúnar Jónsson 2003a. Fiskgengd um teljara í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit 2002-The upstream migration of salmon through the Eyrarfoss fish counter in Laxá in Leirársveit in 2002. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/0316. 4 bls.

Ingi Rúnar Jónsson 2003b. Fiskgengd um teljara í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit 2003-The upstream migration of salmon through the Eyrarfoss fish counter in Laxá in Leirársveit in 2003. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/0324. 4 bls.

Sigurður Már Einarsson 1993. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1986 – 1992. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/93007X. 17 bls.

Sigurður Már Einarsson 1994. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1993. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/94007X. 15 bls.

Sigurður Már Einarsson 1995. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1994. Veiðimálastofnun Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/95004X. 8 bls.

Sigurður Már Einarsson 1996. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1995. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/96003X. 16 bls.

Sigurður Már Einarsson 1997. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1996. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/97004X. 21 bls.

Sigurður Már Einarsson 1998a. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1997. Veiðimálastofnun Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/98006X. 15 bls.

Sigurður Már Einarsson 1998b. Mat á búsvæðum fyrir lax á vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. VMST-V/9813X. 12 bls.

Sigurður Már Einarsson 1998c. Uppeldi laxaseiða í stöðuvötnum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Skýrsla. VMST-V/98010X. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 1999. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1998. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. VMST-V/99006. 7 bls.

Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Ingi Rúnar Jónsson 2001. Rannsóknir á laxfiskum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit árið 2000. Veiðimálastofnun Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/01005. 18 bls.

Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson 2005. Laxá í Leirársveit 2004. Hrygningarstofn, seiðabúskapur og veiði. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-V/0503. 25 bls.

Sigurður Már Einarsson og Björn Theódórsson 2006. Laxá í Leirársveit 2005. Laxagöngur, seiðabúskapur og veiði. Veiðimálastofnun. Skýrsla, VMST-V/0606. 17 bls.

Tafla 1. Göngur laxa og silunga sem gekk um fiskveginn við Eyrarfoss í Laxá í Leirársveit í hverjum mánuði sumarið 2006.

Mánuðir	Lax						Silungur	
	1 ár í sjó		2 ár í sjó		Samtals		Fjöldi	%
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%		
Júní	4	0,6	4	19,0	8	1,1	0	0,0
Júlí	321	44,6	11	52,4	332	44,9	7	10,4
Ágúst	269	37,4	4	19,0	273	36,9	32	47,8
September	125	17,4	2	9,5	127	17,2	28	41,8
Samtals	719	100,0	21	100,0	740	100,0	67	100,0

Tafla 2. Laxveiði, laxagöngur og veiðihlutfall eftir sjávaraldri í Laxá í Leirársveit ofan við Eyrarfoss árin 2000 til 2006.

Ár	Laxveiði ofan teljara			Laxaganga um teljara			Veiðihlutfall (%)		
	1 ár	2 ár	Samt.	1 ár	2 ár	Samt.	1 ár	2 ár	Samt.
2000	221	17	238	940	124	1064	23,5	13,7	22,4
2001	114	20	134	548	109	657	20,8	18,3	20,4
2002	146	25	171	498	60	558	29,3	41,7	30,6
2003	300	15	315	1457	105	1562	20,6	14,3	20,2
2004	247	31	278	1269	71	1340	19,5	43,7	20,7
2005	218	22	227	1205	66	1271	23,2	36,4	23,9
2006	167	6	173	719	21	740	23,2	28,6	23,4
Meðaltal	211	20	240	986	89	1075	22,9	28,1	23,1
Hámark	300	31	315	1457	124	1562	29,3	43,7	30,6
Lágmark	114	4	134	498	60	558	19,5	13,7	20,2

Tafla 3. Laxveiðin í Laxá í Leirársveit sumarið 2006 (aðalsvæði), skipt eftir árhlutum, sjávaraldri og kyni. Ókyngreindir laxar eru uppreiknaðir í réttan hóp eftir hlutföllum (N er fjöldi og MÞ meðalþungi í kg). Veiðar í klak eru ekki tilgreindar.

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Samtals	
	N	MÞ	%	N	MÞ	%	N	MÞ
	Laxá (aðalsvæði)							
1	308	2,4	48,4	328	2,2	51,6	636	2,3
2	14	5,0	35,9	25	4,3	64,1	39	4,5
Samt.	322	2,5	47,7	353	2,4	52,3	675	2,4

Tafla 4. Niðurstöður rafveiðiathugana á vatnasvæði Laxár í Leirársveit haustið 2006 eftir tegundum, fjölda seiða á 100 m², meðallengd (cm), meðalþyngd (g) og holdastuðli (Fultons K). Sýnt er staðalfrávik meðaltala.

Laxaseiði:

<i>Aldur</i>	<i>Fj./100 m²</i>	<i>Heildar-fjöldi</i>	<i>M-lengd cm</i>	<i>SD</i>	<i>M-þyngd Gr.</i>	<i>SD</i>	<i>Holda-stuðull</i>	<i>SD</i>
0+	17,5	316	3,99	0,47	0,68	0,25	1,09	0,12
1+	19,3	297	6,76	1,24	3,30	1,32	1,08	0,08
2+	4,7	69	8,99	1,34	7,72	2,94	1,09	0,08
3+	0,9	14	10,25	0,98	13,0	4,11	1,09	0,09

Urriðaseiði:

<i>Aldur</i>	<i>Fj./100 m²</i>	<i>Heildar-fjöldi</i>	<i>M-lengd cm</i>	<i>SD</i>	<i>M-þyngd Gr.</i>	<i>SD</i>	<i>Holda-stuðull</i>	<i>SD</i>
0+	5,7	76	4,2	0,4	0,83	0,19	1,14	0,15
1+	3,0	39	7,3	1,34	5,66	2,92	1,21	0,11
2+	0,7	10	10,2	1,27	12,80	5,68	1,14	0,09
3+	0,2	4	11,4	0,37	16,4	2,67	1,09	0,08

Tafla 5. Þéttleiki laxaseiða á hverja 100 m² (ein rafveiðiumferð) botnflatar á vatnasvæði Laxár í Leirársveit, skipt eftir seiðaldri, árin 1993 – 2006.

<i>Ár</i>	<i>Dagss.</i>	<i>Fjöldi stöðva</i>	<i>Svæði m²</i>	<i>Þéttleiki á 100 m²</i>					
				0+	1+	2+	3+	4+	Samt.
1993	23.08	6	715	21,1	26,9	12,7	1,4	0,0	62,1
1994	04.08	6	1430	22,3	25,0	10,5	2,0	0,0	59,8
1995	14.08	6	1271	3,5	15,3	8,8	0,8	0,0	28,4
1996	12.08	6	1511	12,3	14,6	5,2	1,7	0,07	33,9
1997	27.08	8	2083	13,2	15,1	5,8	1,2	0,05	35,2
1998	13.08	9	2707	6,8	11,4	5,7	1,6	0,0	25,5
1999	17.08	9	1571	10,1	12,7	8,6	1,3	0,0	32,7
2000	28.08	9	1450	12,9	10,0	3,5	1,1	0,0	27,5
2001	21.08	9	1586	18,0	15,1	8,0	1,6	0,0	42,7
2002	10.10	9	1551	10,0	12,5	4,3	1,2	0,0	27,9
2003	01.10	9	1985	27,5	14,7	5,5	0,1	0,0	47,8
2004	12.08	9	1628	33,3	13,4	3,3	0,2	0,0	50,4
2005	22.09	9	1434	15,6	12,9	6,7	0,1	0,0	35,2
2006	28.09	9	1643	17,5	19,3	4,7	0,9	0,0	42,4
Meðaltal				16,0	15,6	6,7	1,1	0,0	39,2

Tafla 6. Þéttleiki bleikjuseiða á hverja 100 m² (ein rafveiðiumferð) botnflatar á vatnasvæði Laxár í Leirársveit, skipt eftir seiðaldri, árin 1993 – 2006.

Ár	Dagss.	Fjöldi stöðva	Svæði m ²	Þéttleiki á 100 m ²					Samt.
				0+	1+	2+	3+	4+	
1993	23.08	6	715	1,0	0,1	0,0	0,0	0,0	1,10
1994	04.08	6	1430	0,8	0,1	0,1	0,0	0,0	1,00
1995	14.08	6	1271	0,7	0,2	0,0	0,0	0,0	0,90
1996	12.08	6	1511	1,5	0,6	0,0	0,0	0,0	2,10
1997	27.08	8	2083	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,20
1998	13.08	9	2707	0,4	0,1	0,0	0,0	0,0	0,50
1999	17.08	9	1571	0,3	0,2	0,0	0,0	0,0	0,40
2000	28.08	9	1450	0,1	0,1	0,1	0,0	0,0	0,10
2001	21.08	9	1586	1,8	0,3	0,0	0,0	0,0	2,10
2002	10.10	9	1551	0,0	0,1	0,0	0,0	0,0	0,10
2003	01.10	9	1985	0,3	0,2	0,0	0,0	0,0	0,40
2004	12.08	9	1628	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,10
2005	22.09	9	1434	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,10
2006	28.09	9	1643	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,00
Meðaltal				0,5	0,1	0,02	0,0	0,0	0,70

Tafla 7. Þéttleiki urriðaseiða á hverja 100 m² (ein rafveiðiumferð) botnflatar á vatnasvæði Laxár í Leirársveit, skipt eftir seiðaldri, árin 1993 – 2006.


Ár	Dagss.	Fjöldi stöðva	Svæði m ²	Þéttleiki á 100 m ²					Samt.
				0+	1+	2+	3+	4+	
1993	23.08	6	715	11,0	2,7	0,1	0,0	0,0	13,8
1994	04.08	6	1430	11,0	3,4	0,5	0,0	0,0	14,8
1995	14.08	6	1271	2,9	3,3	0,9	0,0	0,0	7,10
1996	12.08	6	1511	5,5	1,4	0,6	0,0	0,0	7,5
1997	27.08	8	2083	3,8	2,4	0,8	0,1	0,0	7,10
1998	13.08	9	2707	4,0	1,8	0,2	0,0	0,0	4,4
1999	17.08	9	1571	3,1	1,5	0,5	0,0	0,0	5,0
2000	28.08	9	1450	2,8	0,6	0,3	0,0	0,0	3,7
2001	21.08	9	1586	3,5	0,7	0,1	0,0	0,0	4,3
2002	10.10	9	1551	0,4	1,0	0,3	0,0	0,0	5,5
2003	01.10	9	1985	6,1	2,0	0,2	0,1	0,0	8,4
2004	12.08	9	1628	5,8	4,9	0,3	0,0	0,0	10,9
2005	22.09	9	1434	3,7	1,5	1,7	0,0	0,1	16,0
2006	28.09	9	1643	5,7	3,0	0,7	0,2	0,0	9,6
Meðaltal				5,0	2,2	0,5	0,0	0,0	8,4

Tafla 8. Meðallengdir (cm) seiða eftir tegundum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit 1993 til 2006.


Lax:					
<i>Ar</i>	<i>0+</i>	<i>1+</i>	<i>2+</i>	<i>3+</i>	<i>4+</i>
1993	3,56	6,13	9,10	9,95	
1994	3,68	6,30	8,22	10,31	
1995	3,30	6,05	7,94	10,06	
1996	3,81	6,57	8,87	10,31	12,40
1997	4,43	7,10	9,17	10,49	11,50
1998	4,27	6,53	8,44	10,33	
1999	3,88	6,71	8,32	10,13	
2000	4,07	6,95	8,63	9,63	
2001	4,42	7,07	9,04	10,55	
2002	4,44	7,28	9,53	10,09	
2003	4,79	7,28	8,94	11,25	
2004	4,45	6,83	8,55	10,03	
2005	4,28	6,90	9,03	11,00	
2006	3,99	6,76	8,99	10,25	
Meðaltal	4,10	6,75	8,77	10,31	11,95

Bleikja:					
<i>Ar</i>	<i>0+</i>	<i>1+</i>	<i>2+</i>	<i>3+</i>	<i>4+</i>
1993	4,57	7,10			
1994	4,50	8,10	8,00		
1995	4,90	7,80			
1996	5,20	8,02			
1997	5,00				
1998	4,43	7,23			
1999	4,50	7,85			
2000	4,90	7,70			
2001	5,11	9,74	14,00		
2002	5,70	7,60			
2003	5,90	8,33			
2004	5,40				
2005	4,20				
2006					
Meðaltal	4,90	7,90	11,00		


Urriði:					
<i>Ar</i>	<i>0+</i>	<i>1+</i>	<i>2+</i>	<i>3+</i>	<i>4+</i>
1993	3,99	7,42	12,80		
1994	3,94	7,08	10,93		
1995	3,76	6,96	10,01		
1996	4,14	7,82	11,00		
1997	4,14	7,49	10,79	13,20	
1998	4,46	7,69	10,68		
1999	4,07	7,10	11,00		
2000	4,08	7,96	11,18		
2001	4,76	8,6	11,85		
2002	4,94	8,19	9,30		
2003	5,05	8,53	10,87	14,30	
2004	4,36	7,67	10,20		
2005	4,48	6,93	9,77		15,20
2006	4,20	7,30	10,20	11,40	
Meðaltal	4,31	7,62	10,76	12,97	15,20




1. mynd. Kort af vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Staðsetning rafveiðistaða er sýnd með númerum.




2. mynd. Fjöldi fiska sem gekk daglega upp teljara í Eyrarfossi, Laxá í Leirársveit sumarið 2006.




3. mynd. Lengdardreifing laxfiska sem gengu upp fiskteljarann í Eyrarfossi í Laxá Leirársveit sumarið 2006.





4. mynd. Fjöldi fiska sem gekk um teljara í fiskvegi í Eyrafossi í Laxá í leirársveit sumarið 2006.




5. mynd. Lax – og silungsveiði eftir veiðivikum í Laxá (aðalsvæði) sumarið 2006.



6. mynd. Lax – og silungsveiði eftir veiðistöðum í Laxá í Leirársveit árið 2006.





9. mynd. Lengdardreifing og aldur laxaseiða eftir veiðistöðum í Laxá í Leirársveit 28. september 2006.